



Leikfélag Kópavogs (LK), kt. 700670-0749, og Kópavogsbær, kt. 700169-3759, gera með sér eftirfarandi samning:

1 gr.

Leikfélag Kópavogs hefur menningarstefnu Kópavogs sem leiðarljós í starfi sínu.

2.gr.

Leikfélagi Kópavogs er heimilt að leigja eða lána húsnæði sitt út vegna viðburða sem falla að starfsemi félagsins.

Leikfélagið skal hafa og birta gjaldskrá.

Leikfélagið skal skila lista- og menningarráði ársreikningi að loknu hverju starfsári.

3.gr.

Kópavogsbær er eigandi skuldabréfs sem hvílir á Funalind 2 í Kópavogi og var gefið út þann 20. júlí 2007 og gefið út á fyrsta veðrétti eignarinnar og er að nafnverði 48.000.000. Hætti félagið starfssemi rennur eignin til Kópavogsbæjar.

Leikfélagi Kópavogs er óheimilt að selja eða veðsetja fasteignina sína að Funalind 2, Kópavogi, án sérstaks samþykkis bæjarráðs Kópavogs og skal Leikfélag Kópavogs þinglýsa þessari kvöð á eignina.

4.gr.

Leikfélagið skal eiga þess kost að sækja um árlegan styrk til Lista og menningarráðs. Með umsókn þarf að fylgja árskýrsla og rekstrarreikningur fyrra árs, ásamt skipulagi næsta leikárs.

5. gr.

Samningur þessi gildir til 1. mars 2023.

Kópavogi, xx. febrúar 2021

F.h. Kópavogsbæjar,

F.h. Leikfélags Kópavogs,

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum:



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

kt. _____

kt. _____